

Laugardaginn 8. júlí 1944.

Nr. 6/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags
Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar**
(Áki Jakobsson hdl.)
gegn
H/f Hrafnaflóka (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Frávísunardómur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 26. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar vegna Bjarna Þorsteinssonar gegn H/f Hrafnaflóka.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að Bjarna Þorsteinssyni hafi samkvæmt 6. gr. samnings milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar o. fl. annars vegar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar, dags. 30. sept. 1942, borið réttur til kaups og fæðispeninga sem skipverja á b/v Óla Garða, á tímabilinu frá 12. des. 1943 til 9. febr. 1944. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Það er uppkomið í máli þessu að stefndi, H/f Hrafnaflóki, er í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 80/1938 bar stefnanda að stefna Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda f. h. H/f Hrafnaflóka. Með því að það hefur ekki verið gert, verður að vísa málinu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu víst frá dómi ex officio.

Málskostnaður falli niður.